

# ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík 11. nóvember 1997

## Efni: Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um lögmenn

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lögmenn sem nýlega var lagt fram á Alþingi. ASÍ fagnar fyrirætlunum um að setja ný lög um lögmenn og telur að slík lagasetning sé fyllilega tímabær enda eru gildandi lög komin til ára sinna og að ýmsu leyti ófullkomin og jafnvel úrelt.

ASÍ gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar hins fram komna frumvarps en telur rétt að benda á fáein atriði sem sambandið telur að geti þarfnast athugunar varðandi efni frumvarpsins í heild.

Samkvæmt frumvarpinu virðist gert ráð fyrir því að skylduáðild að Lögmannafélagi Íslands verði afnumin. Þrátt fyrir þetta virðist sem LMFÍ eigi áfram að vera til samkvæmt lögum og að vissar ákvarðanir sem þar verða teknar eigi að vera bindandi fyrir alla lögmenn, hvort sem þeir eiga aðild að félaginu eða ekki. ASÍ telur að í þessu felist mótsögn og að eigi LMFÍ áfram að hafa vald til að taka ákvarðanir sem binda alla lögmenn þá sé skylduáðild eðlilegur fylgifiskur þess.


ASÍ telur að megintilgangur og meginréttlætning þess að hafa sérstök lög um lögmenn séu sjónarmið neytendaverndar. Í frumvarpi því sem fyrir Alþingi liggur er að finna fjölmörg ákvæði sem varða þetta og ASÍ fagnar því alveg sérstaklega að með frumvarpinu skuli vera stefnt að aukinni réttarvernd gagnvart neytendum. ASÍ telur á hinn bóginn að afnám skylduáðildar að LMFÍ fari ekki saman við þessi markmið neytendaverndar og ítrekar að svo virðist sem í þessu felist nokkur þversögn.

ASÍ hefur efasemdir um að þær breytingar sem frumvarpið ráðgerir varðandi eftirlits- og agavald með lögmönnum séu til bóta. ASÍ telur ástæðu til að hafa áhyggjur af því að of mikið vald kunni með þessu að safnast til Dómsmálaráðuneytis.

ASÍ mómælir þeirri fyrirætlun frumvarpsins að skattleggja þá sem eiga aðild að málaferlum til að standa straum af kosnaði við eftirlit með lögmönnum. Sambandið telur að þessi hugmynd verki í þá átt að möguleikar hinna efnaminni til að sækja rétt sinn séu skertir og telur að íslenska samfélagið meigi alls ekki við slíku. Nær væri að gera ráðstafanir til verka í hina áttina og efla kerfi almennrar réttaraðstoðar í landinu.

ASÍ vill að lokum minna á nauðsyn þess við setningu löggjafar af þeim toga sem hér er fjallað um að gott samráð sé haft við þá sem lögin varða fyrst og fremst, í þessu tilviki Lögmannafélag Íslands.

Virðingarfyllst,  
F.h. Alþýðusambands Íslands

  
Halldór Grönvold